



Mál: Norður Mjódd. Stekkjarbakki 4-6 og Álfabakki 7. Skipulagslýsing (breytt deiliskipulag)

Skipulagslýsing til umsagnar.

Dags. 18. ágúst 2023

málsnúmer ONE: 23081156

Umsögn skipulagsfulltrúa Kópavogs

Reykjavíkurborg hefur óskað eftir umsögn Kópavogsbæjar um skipulagslýsingu fyrir Norður-Mjódd-Stekkiabakka 4-6 og Álfabakka 7 (breyting á deiliskipulagi). Í lýsingunni kemur fram að svæðið er skilgreint sem miðsvæði í aðalskipulagi Reykjavíkur og þar er gert ráð fyrir auknu byggingarmagni á reitnum.

Gera má ráð fyrir að uppbygging á reitnum hafi í för með sér aukna bílaumferð. Mikilvægt er í deiliskipulagsvinnunni að sé gerð grein fyrir hvernig uppbygging hefur áhrif á umferðarflæði og tengingar á sveitarfélagsmörkum.

Í lýsingunni kemur fram að uppbygging hefur í för með sér breytingu á götukassa Stekkiabakka og Álfabakka. Ekki er hægt að sjá á afmörkun skipulagssvæðisins hvar breytinga er að vænta á götukassa Stekkiabakka. Kópavogsbær bendir á að stækka ætti afmörkun skipulagssvæðis þannig að aðliggjandi vegir séu hluti af skipulagssvæðinu, þannig hægt sé að tryggja hönnun umferðarmannvirkja og innviða í takt við markmið deiliskipulagsgerðar.

Skipulagsfulltrúi f.h. bæjarins áskilur sér rétt til að koma með frekari ábendingar og athugasemdir á síðari stigum í skipulagsferlinu.